

115 tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og sé hann formaður
30. maí ur nefndarinnar. Nefnd þessi skal ákveða, hvernig skipta skuli milli innflytjenda innflutningi þeim, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd heimilar af búsaðöldum, skófatnaði, vefnaðarvörum og byggingarefni, að undanskildu því efni, sem ætlað er til þeirra opinberra framkvæmda og atvinnutækja, sem sérstök innflutningsleyfi eru gefin fyrir. Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum, og ákveður nánar verksvið hennar.

Til þess að standast kostnað við störf nefndanna skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2‰ — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

116

30. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

2. másl. 7. gr. laganna orðist svo:

Námsbókagjaldið skal vera 5—7 kr. á heimili, meðan dýrtið helzt vegna núverandi styrjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.